



Ársskýrsla Fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga mars 2021 Starfsárið 2020 –2021

Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir
formaður

Félagafjöldi

- **234** hjúkrunarfræðingar eru skráðir í fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga 3. desember 2020.



Stjórn fagdeildar 2020-2021

- **Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir formaður – 1.starfsár**
- **Kristín María Þórðardóttir ritari – 4.starfsár**
- **Elínborg Jóna Ólafsdóttir gjaldkeri – 2.starfsár**
- **Kristín Þórarinsdóttir meðstjórnandi – 2.starfsár**
- **Íris Dögg Guðjónsdóttir meðstjórnandi – 1.starfsár**
- **Hlíf Guðmundsdóttir varamaður – 1.starfsár**
- **Eva Björg Guðmundsdóttir varamaður 1.starfsár**

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar, nema formaður sem kjörinn var á aðalfundi.



Stjórnarfundir

Stjórnarfundir voru afar fáir á árinu, einungis 2 skráðir formlegir fundir. Aðalfundur var á dagskrá 30.mars 2020 en frestaðist vegna Covid 19 sem geisaði á vormánuðum og samkomutakmarkanir miklar. Ennfremur voru miklar annir hjá hjúkrunarfræðingum og öðrum í öldrunarþjónustu vegna Covid og starf fagdeildarinnar lá algerlega niðri á meðan.

Á haustmánuðum 2020 var farið að huga að aðalfundi en hann var loks haldinn 14.desember 2020. Stjórnarskipti urðu því ekki fyrr en í árslok 2020 í stað mars eins og hefð er fyrir skv. starfsreglum.



Innlend starfsemi

- Stjórn fagdeildar hefur alla jafna farið eina ferð á ári til að kynna sér öldrunarmál vítt og breytt um landið fyrir styrk frá Fíh. Ráðgert var að fara til Akureyrar í apríl 2020 og ferðaplanið var fullbúið þegar ljóst var að ekki yrði af því vegna Covid hamlana. Ferð var frestað til september 2020 en með fárra daga fyrirvara varð að aflýsa ferðinni vegna skyndilegs uppgangs Covid á landinu og mikilla samkomutakmarkana. Ferð var því sett á dagskrá nýrrar stjórnar um leið og færi gefst, vonandi síðla árs 2021.
- Jólalítingur var ekki haldinn en rafrænn aðalfundur haldinn á jólaföstu og Ari Eldjárn fenginn til að vera með rafrænt uppistand fyrir félagsmenn. Þátttaka var dræm en skemmtunin mikil.
- Dagur öldrunarþjónustu var ekki haldinn þar sem metið var að annir væru mjög miklar vegna Covid og því heppilegra að halda ráðstefnuna, „live“ eða rafrænt þegar betra tækifæri gefst.
- Starfsemi fagdeildarinnar lá því nánast niðri allt árið 2020.



Styrkir félagssjóðs

Fagdeildin auglýsir eftir styrkjum til fagdeildarmeðlima einu sinni á ári eða 15. janúar ár hvert. Í janúar 2020 bárust alls 13 umsóknir og fengu 9 umsækjendur vilyrði fyrir styrk.

Aðeins einn styrkur var innheimtur þar sem ráðstefnur og námskeið sem sótt var um styrki til féllu almenn niður á árinu 2020.



Samskipti við félagsmenn

Reglulega hafa verið sendir tölvupóstar til fagdeildarmeðlima.

Fésbókarsíða fagdeildar var notuð til að deila áhugaverðum upplýsingum í öldrunarhjúkrun

<https://www.facebook.com/groups/464050863802084/>.

Síðan er opin fyrir alla sem hafa áhuga á öldrunarhjúkrun en ekki eingöngu fagdeildarmeðlimi.



Skýrsla staðfest með kveðju

Reykjavík 1.mars 2021

Fyrir hönd stjórnar fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga

Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir, formaður fagdeildar

öldrunarhjúkrunarfræðinga hjá Fíh.

